

# Ársskýrsla 2020

## Félagið Femínísk fjármál



Femínísk fjármál

470519-4010



## Skýrsla stjórnar um starfsárið 2020

Femínísk fjármál er ungt félag en það var stofnað árið 2018. Tilgangur félagsins er að efla þekkingu á kynjuðum fjármálum og veita stjórnvöldum aðhald. Félagið varð aðili að Kvenréttindafélagi Íslands árið 2019. Félagið hefur vaxið jöfnum skrefum frá stofnun þess og var mikill stígandi í starfsemi félagsins á árinu.

### Aðalfundur

Vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar frestaðist að halda aðalfund félagsins og var hann því haldinn að hausti til. Aðalfundurinn var haldinn þriðjudaginn 8. september 2020 klukkan 17:30 á Hallveigarstöðum. Kosnar voru í aðalstjórn félagsins þær Finnborg Salome Steinþórsdóttir, Steinunn Rögnvaldsdóttir og Freyja Barkardóttir. Í varastjórn hlutu kosningu þær Joanna Marcinkowska, Sigríður Finnbogadóttir og Auður Lilja Erlingsdóttir.

Stjórnin fundaði fjórum sinnum árið 2020 en réð ráðum sínum þess á milli með rafrænum samskiptum stjórnarmeðlima.

### Umsagnir

Á árinu 2020 sendi félagið frá sér sex umsagnir til Alþingis.

- **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sérstakt tímabundið fjárfestingarátak (mars 2020)**
  - Í umsögninni bendir félagið á að vissulega sé fjárfesting í innviðum víða um land mikilvæg, m.a. á heilbrigðisstofnunum, en það vekur engu að síður furðu félagsins að svo lítið sé í tillögunum sem snýr að uppbyggingu í heilbrigðis- og velferðarkerfinu. Rannsóknir hafa sýnt að fjárfesting í heilbrigðis- og velferðarkerfi skapar atvinnu og skilar sér margfalt til baka í efnahagskerfið miðað við fjárfestingu í byggingariðnaði. Þannig væri hægt að skapa fleiri störf til að efla þjónustu sem skilar sér í bættri lýðheilsu og talar beint inn í þau úrlausnarefni sem mörgum eru hugleikin á þessum sérstöku tímum, t.d. uppbyggingu heilbrigðisstofnanna með því að bæta kjör og aðbúnað, niðurgreiðslu sálfræðiþjónustu fyrir unga sem aldna, átak hjá lögreglu og félagsþjónustu í aðgerðum gegn heimilisofbeldi o.fl.
- **Umsögn um frumvarp til laga um fjáraukalög 2020 (apríl 2020)**
  - Í umsögninni gerir félagið athugasemd við að aðeins hluti af aðgerðunum hafi verið metnar út frá jafnréttismálum. Félagið gerir enn fremur athugasemd við umræðu um aðhald í ríkisfjármálum í frumvarpinu.



- **Umsögn um frumvarp til fjárlaga árið 2021 og tillögur til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 (október 2020)**
  - Í umsögninni bendir félagið á mikilvægi þess að ákvarðanir séu byggðar á kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Í umsögninni kemur fram að aðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldurs Covid-19 hafa greinilega kynjagslasiðu og má þar nefna t.d. atvinnuskapandi aðgerðir eins og fjárfestingar-áttak og *Allir vinna*, sem eru líklegri til að fjölga og viðhalda störfum karla fremur en kvenna. Á sama tíma sjáum við að stór hluti þeirra sem hafa misst vinnuna að undanförmu eru konur og fólk af erlendum uppruna.
  - Félagið mætti á fund fjárlaganefndar þann 24.október og gerði grein fyrir umsögn sinni.
- **Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof (í samráðsgátt stjórnvalda, október 2020)**
  - Félagið fagnar frumvarpinu en leggur til að greiðslur sem samsvara lágmarkslaunum séu greiddar óskertar og bendir á að hækka þurfi fæðingarstyrk til námsmanna og fólks utan vinnumarkaðar. Jafnframt var í umsögn félagsins ítrekað mikilvægi þess að aukin áhersla sé lögð á að brúa umönnunarbilið milli fæðingarorlofs og dagvistunar/leikskóla.
- **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015 (mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa) (nóvember 2020)**
  - Félagið fagnaði frumvarpinu en benti jafnframt á mikilvægi þess að við innleiðingu slíkra laga yrði að vanda til verka og festa í sessi verklag sem kemur í veg fyrir að ófullnægjandi mat fari fram eða að frumvörp séu metin kynhlutlaus án þess að það standist svo nánari skoðun.
- **Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof (desember 2020)**
  - Félagið fagnaði frumvarpinu og er fylgjandi því að foreldrar hafi hvert um sig jafnan rétt til töku fæðingarorlofs og bendir á að brugðist hafi verið við hluta af þeim athugasemdum sem komu fram í samráðsgátt, t.d. frekari heimildir til lengingar, framsals og tilfærslu réttinda þegar tiltekna aðstæður leyfa aðeins einu foreldri að nýta rétt sinn innan kerfisins og aukinn réttur foreldra vegna fósturláts. Þá ítrekaði félagið kröfu sína um að greiðslur sem samsvara lágmarkslaunum séu óskertar og að upphæðir fæðingarstyrks séu endurskoðaðar.



## Styrkur úr jafnréttissjóði

Félagið sótti um styrk úr Jafnréttissjóði Íslands á árinu og hlaut félagið styrk fyrir verkefnið *Viðspyrna og aðhald: efnahagsaðgerðir frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum*. Upphæð styrksins var 4.500.000 kr. Afhending styrkja fór fram 19.júní í Hörpu þar sem forsætisráðherra veitti styrkina við formlega athöfn.

Markmið verkefnisins var að greina efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldurs Covid-19 út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum og leggja fram tillögur um hvernig hægt sé að draga úr kynjamisrétti, og jafnframt mismunun og jaðarsetningu vegna húðlits, etnísks uppruna, stéttar, fötlunar og annarra þátta. Einnig að standa fyrir vitundarvakningu um efnahagsmál út frá jafnréttissjónarmiðum byggt á niðurstöðum greiningarinnar. Þar sem heimsfaraldurinn stóð hefur lengur yfir en höfundar gerðu ráð fyrir í upphafi þá var verkefnið afmarkað við aðgerðir ársins 2020.

Undirbúningur verkefnisins hófst í júlí 2020. Ákveðið var að einn þátttakandi verkefnisins tæki að sér verkefnisstjórn og hélt hún utan um öll samskipti, skipulag o.fl. Gagnaöflun, greining á kynja- og jafnréttissjónarmiðum og mótun tillagna að úrbótum var unnin að mestu af fimm sérfræðingum félagsins, en sú vinna hófst í ágúst 2020. Fundað var að jafnaði vikulega á tímabilinu og skipti hópurinn með sér verkum. Niðurstöður verkefnisins voru kynntar í febrúar 2021 og eru aðgengilegar á [heimasíðu](#) félagsins, en nánar verður fjallað um þær í ársskýrslu fyrir árið 2021.



Mynd 1. Meðlimir stjórnar taka á móti styrk úr Jafnréttissjóði 2020.



## Viðburðir

Félagið tók þátt í [Kynjabingi](#) sem fór fram með rafrænum hætti þetta árið. Félagið var með [viðburð](#) þann 12. nóvember sem var sendur út í beinni á Facebook. Umræðuefni fundarins var kynja- og jafnréttisáhrif efnahagsaðgerða stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Á fundinum tóku þátt í pallborði þær Tatjana Latinovic f.h. KRFÍ, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir f.h. BSRB, Nichole Leigh Mosty f.h. WOMEN og Þorbera Fjölínisdóttir f.h. Kvinnahreyfingar ÖBÍ. Steinunn Rögnvaldsdóttir var með erindi á fundinum fyrir hönd Femínískra fjármála og fundarstjórn var í höndum Finnborgar Salome Steinþórsdóttur.

## Önnur störf

Í janúar funduðu fulltrúar félagsins með Mörtu Birnu Baldursdóttur, verkefnastýru kynjaðrar fjárlagagerðar í fjármálaráðuneytinu. Fundurinn er hluti af reglubundinni upplýsingagjöf sem er tiltekin í fimm ára áætlun kynjaðrar fjárlagagerðar hjá Stjórnarráði Íslands. Á fundinum kynnti félagið starf sitt fyrir Mörtu Birnu sem var þá nýlega tekin við starfi verkefnastýru. Marta Birna kynnti fyrir félaginu áherslur stjórnarráðsins í kynjaðri fjárlagagerð sem væru framundan árinu.

Félagið hélt úti Facebook og Twitter síðum á árinu 2020 til að kynna verkefni og starfsemi félagsins (á árinu 2021 hefur bæst við heimasíða og Instagram síða). Í mars fór félagið í “Twitter átak” þar sem félagið sendi frá sér röð tísta um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í sem fyrstu viðbrögð við heimsfaraldri kórónuveirunnar.

Fulltrúar félagsins fengu tækifæri til að kynna starfsemi félagsins fyrir fulltrúum BSRB í júní og áttu með þeim góðan og upplýsandi fund.

Á Kvennafrídeginum 24. október sendi KRFÍ frá sér ályktun um kjarajafnrétti og kjör kvenna og var Femínísk fjármál á meðal þeirra félaga sem skrifuðu undir ályktunina.

Félagið var einn af aðstandendum að vefnum *Betra fæðingarorlof*, ásamt KRFÍ, FKA, ASÍ, BHM og BSRB.